

Föstudaginn 6. maí 1932.

Nr. 34/1932. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Stefán Jóh. Stefánsson)

gegn

**Kristni Bjarnasyni** (Lárus Fjeldsted).

Áfengislagabrot og tolllagabrot.

*Dómur aukaréttar Suður-Múlasýslu 17. okt. 1931: Ákærði, Kristinn Ottó Bjarnason, greiði 500 króna sekt í rikissjóð, er afplánist með 30 daga einföldu fangelsi ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Auk þess greiði ákærði þrefaldan toll af hinu ólöglega innflutta hárvatni og þrefaldan vörutoll af vörum þeim, sem skotið var undan stimplun.*

Loks greiði ákærði allan kostnað sakarinnar.

Að öðru leyti á ákærði að vera sýkn af kærnum réttvísinnar og valdstjórnarinnar í málinu.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Af ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða aukaréttardómi, ber að staðfesta hann.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 80 kr. til hvors.

**Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :**

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Ákærði, Kristinn Ottó Bjarnason, greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Stefáns Jóh. Stefánssonar og Lárusar Fjaldsted, 80 kr. til hvors þeirra.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er hálfu réttvisinnar og valdstjórnarinnar höfðað fyrir aukarétti Suður-Múlasýslu, gegn ákærðum, Kristni Ottó Bjarnasyni, kaupmanni á Fáskrúðsfirði, fyrir brot á 17. kap. hegningarlaganna, svo og fyrir brot á reglugerð nr. 3 frá 3. marz 1930, um sölu áfengis til verklegra nota m. m., áfengislögunum nr. 64 frá 1930 og lögum nr. 69 frá 1928 um einkasölu á áfengi og ennfremur fyrir brot á gildandi löggjöf um aðflutningsgjald, vörutoll og verðtoll.

Málavextir eru þessir:

Hinn 1. dezbr. f. á. andaðist á Fáskrúðsfirði, mjög snögglega, Aðalsteinn Guðmundsson, skipstjóri, og með því grunur lék á, að banamein hans hefði verið áfengiseitrun, var hafin rannsókn til þess að komast fyrir hvernig dauða hans hefði að höndum borið.

Aðalsteinn heitinn hafði verið á fótum á sunnudaginn 30. nóv. f. á. og farið eitthvað út, en um kl. 5 aðfaranótt 1. dezbr. var héraðslæknirinn á staðnum sóttur til hans, og var hann þá aðframkominn og lézt rétt á eftir. Segir læknir að banamein hans hafi verið eitrun, sem orsakast muni hafa af því, að hann hafi drukkið áfengi með einhverju eitri samanvið.

Daginn eftir var læknirinn sóttur til verzlunarmanns Þorvaldar Jónssonar á Fáskrúðsfirði, sem var veikur. Segir læknirinn, að Þorvaldur hafi haft öll einkenni samskonar eitrunar og Aðalsteinn sál., en á lágu stigi og batnaði honum á tveim dögum.

Þorvaldur Jónsson skýrir svo frá, að föstudaginn 28. nóv. hafi hann og Aðalsteinn sál. frétt að ákærði, sem rekur verzlun á staðnum hefði á boðstólum hárvatn, Bayruhm. Fóru þeir þá þegar til ákærða ásamt 3 öðrum ungum mönnum og keypti Þorv. þar eitt glas af þessu hárvatni og Aðalsteinn sál. 1 eða 2 glös af sama. Fóru þeir síðan inn á veitingahús, keyptu þar sitrónsótavatn, blönduðu hárvatninu saman við og drukku síðan. Segist Þorvaldur ekki hafa drukkið nema þetta eina glas þann dag í félagi við Aðalstein sál. Daginn eftir, laugardaginn 29. nóv. keypti Þorv. enn 2 glös af sama og drakk úr þeim innihaldið saman við límonaði. Segir hann, að á miða á glasinu hafi staðið: „Farlig at drikke“, en þar sem honum

hafi ekki orðið meint af fyrsta glasinu, er hann drakk úr, hafi hann álitíð, að þetta væri ekki svo hættulegt. Sama kvöld kom hann heim til Aðalsteins sál. Hefir framhurður Þorvalds verið nokkuð á reiki um það, hvað þar hafi fram farið þá um kvöldið. Hélt Þorv. því fyrst fram, að Aðalsteinn sál. hefði boðið sér þá að drekka þennan sama vökva, sem hann þó aðeins hafi dreypt í. Síðan hefir hann ekki viljað kannast við, að hann hafi vitað hvaða vökvi þetta hafi verið. Hann hafi ekki séð nein glös með hárvatni í þar inni um kvöldið og ekki séð Aðalstein sál. blanda drykkinn. Segir Þorv., að þar hafi setið inni, er hann kom, háseti á dönsku fiskiskipi og hafi þeir farið út með honum og fylgt honum inn á bryggju þá, er skip hans lá við, síðan hafi þeir snöggvast komið í annað hús, en farið síðan aftur heim til Aðalsteins sál. Þegar þangað kom bauð Aðalsteinn sál. honum áfengi og fór með honum inn í geymslupláss, sem er á neðstu hæð hússins og gaf Þorv. að drekka úr flösku eitthvað áfengi en ekki vissi Þorv. heldur hvað það var, en myrkur var þar inni. Síðan fóru þeir upp á loft og þar bauð Aðalsteinn sál. honum áfengi úr límonaðiflösku og kveðst hann ekki heldur vita hvaða áfengi þetta hafi verið. Kveðst hann muni hafa gengið út frá því fyrst, að þetta væri hárvatn, blandað límonaði, en í raun og veru viti hann alls ekki hvað þetta hafi verið. Hann kveðst enn fremur hafa heyrt að Aðalsteinn sál. hafi keypt 5 glös af þessu hárvatni hjá ákærða á laugard., en ekki kveðst hann vita hver hafi sagt sér það og hafa engar frekari upplýsingar um það fengizt. Enn fremur hafa 3 vitni önnur borið, að þau hafi keypt 2 glös hvert af ákærða, föstudaginn 28. nóv., og drukkið úr þeim, en ekki hafi þeim orðið meint af því.

Ákærði hafði selt allt hárvatnið er rannsókn var hafin og hefir því ekki verið hægt að ná í neitt af þessum vökva til rannsóknar.

Ákærði kveðst hafa fengið vörusendingu seint í nóv. f. á. frá Mehls Fabriker í Aarhus og þar á meðal 60 glös af þessu hárvatni, sem hann síðan hafi haft á boðstólum í sölubúð sinni, þegar eftir að hann fékk það. Segir hann, að á glösunum hafi staðið: „Farlig at drikke“ og kveðst ekki hafa álitíð, að nokkur mundi drekka slíkt, sérstaklega þegar þessi aðvörun stóð á glösunum. Hann kann-

ast við að hafa selt Aðalsteini sál. 4 glös af þessu hárvatni á föstudaginn 28. nóv., eitt glas í einu, en neitar því að hafa selt honum nokkuð á laugardaginn, kveðst alls ekki hafa séð hann þann dag. Ennfremur neitar hann því, að hafa séð vin á Aðalsteini sál., er hann keypti þessi glös af honum. Ákærði heldur því einnig fram, að aðrar verzlunir þar á staðnum hafi haft samskonar hárvötn á boðstólum um þetta leyti, en sem þó er alveg ósannað, og yfirleitt heldur ákærði því fram, að engin vissa sé fyrir því, hverskonar áfengi það hafi verið, sem varð Aðalsteini sál. að bana.

Enda þótt, að visu, margt bendi til þess, að dauði Aðalsteins sál. hafi orsakast af neyzlu þess hárvatns, sem hann keypti af ákærða, hárvatn, sem ótvírætt, hefir verið mengað óhollum efnum, þar sem á glösunum stóð tilkynning um, að hættulegt væri að drekka innihaldið, þykir þó rannsókn málsins ekki hafa leitt í ljós neina vissu um, að neyzla þessa vökva hafi valdið dauða Aðalsteins sál. Það er vitanlega óupplýst hvort Aðalsteinn sál. hefir ekki neytt annars áfengis laugardaginn og sunnudaginn 29.—30. nóv. en þessa hárvatns frá ákærða og eina vitnið, sem fundizt hefir, er nokkuð getur um þetta borið, Þorvaldur Jónsson, kveðst ekki vita hvaða áfengi þar var, sem hann drakk hjá Aðalsteini sál. laugardagskvöldið. Ennfremur ber í þessu sambandi að athuga, að Þorvaldur kveðst ekki hafa kennt sér nokkurs meins fyrr en á sunnudaginn, eftir að hann hafði neytt þessa áfengis hjá Aðalsteini sál., en hafði þó á föstudag og laugardag. verið búinn að drekka allmikið af hárvatninu og þau þrjú vitni, sem keyptu og drukku á föstudaginn 2 glös af sama vökva hvert, segja, að sér hafi ekki orðið neitt meint af því. Mætti af þessu draga þá ályktun, að áfengið, sem Aðalsteinn sál. veitti á laugardagskvöldið hafi verið annað en óhollara en hárvatnið.

Þar sem því verður að telja ósannað, að dauði Aðalsteins sál. hafi verkast af neyzlu hárvatns þess, er ákærði seldi um þessar mundir, verður þegar af þessari ástæðu að sýkna ákærða af kærnum réttvisinnar í málinu.

Að öðru leyti er það löglega sannað, að ákærði keypti ekki hárvatn þetta hjá Áfengisverzlun ríkisins, heldur pantaði það beint frá útlöndum, og að hann greiddi ekki

aðflutningsgjald af sendingunni og ekki heldur verðtoll af þeim verðtollsskyldum vörum, sem tilfærðar eru á sama innkaupsreikningi og hárvatnið.

Hinsvegar greiddi ákærði vörutoll af sendingunni og gegn mótmælum hans, verður ekki talið sannað, að hann hafi selt hárvatnið til drykkjar, eða að hann hafi vitað, að það var drukkið af þeim, sem keyptu.

Ákærði hefir haldið því fram, að í hverju glasi hafi verið 75—100 gr. af hárvatni, en þeir, sem glösin keyptu, hafa allir borið, að þau hafi verið stærri, 100—150 gr. Virðist því mega ganga út frá, að hvert glas hafi innhaldið að minnsta kosti 125 gr. og hefir því ákærði átt að greiða toll af 7,5 litrum af hárvötnum eða kr. 40.00. Verð hinna verðtollskyldu vara á innkaupsreikningnum nemur d. kr. 33,60 eða isl. krónur 40,99, tollur þar af 15% = kr. 6,10.

Ákærði hefir borið fyrir, að hann hafi ekki vitað, að einkasala var á hárvötnum og að það hafi verið af gáleysi, að hann afhenti ekki innkaupsreikninginn til stimplunar með öðrum reikningum yfir vörur, sem hann fékk með sama skipi. Hinsvegar kveðst hann hafi vitað, að aðflutningsgjald var á hárvötnum, en að hann hafi haldið, að upphæðin væri færð á tollreikning sinn, með öðru aðflutningsgjaldi. Þessar afsakanir eru þó ekki fullnægjandi. Lög nr. 69 frá 1928, um einkasölu á áfengi, sbr. reglugerð nr. 3 frá 3. marz 1930 eru löglega birt og ákvæði þeirra áttu því að vera ákærða kunn sem öðrum og við athugun á tollreikningi sínum hlaut hann strax að sjá, hvort aðflutningsgjald af hárvötnum var talið með eða ekki og innkaupsreikninginn yfir hárvötnin ber honum að sýna hreppstjóra eins og alla aðra innkaupsreikninga yfir vörur innfluttar beint frá útlöndum, en það gjörði hann ekki.

Ákærði hefir því með þessu gerzt brotlegur við 1. gr. laga nr. 69, frá 1928 um einkasölu á áfengi og 2. gr. reglugerðar nr. 3, frá 3. marz 1930 um sölu áfengis til verklegra nota, m. m., 8. gr. tolllaga fyrir Ísland frá 11. júlí 1911, sbr. 1. gr. laga nr. 41, frá 27. júní 1921 um breytingu á 1. gr. tolllaganna, lög nr. 47, frá 15. júní 1926 um verðtoll, sbr. 9. gr. laga nr. 38, frá 1921, um vörutoll og virðist refsing sú, sem hann hefir unnið til hæfilega

ákveðin 500 króna sekt, er renni í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 30 daga einfalt fengelsi ef hún verður eigi öll greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Auk þess greiði ákærði þrefaldan toll af hárvatninu og þrefaldan verðtoll af vörum þeim, sem skotið var undan stimplun.

Þá greiði og ákærði allan kostnað sakarinnar, sem orðinn er og verður.

Á rekstri málsins hefir enginn óþarfa dráttur orðið.

---

Mánudaginn 9. maí 1932.

Nr. 55/1931. **Helgi Sveinsson** (Pétur Magnússon)  
gegn

**bankaráði Útvegsbanka Íslands h/f.,  
f. h. bankans og gagnsök**

(Stefán J. Stefánsson).

Skylda til eftirlaunagreiðslu til stefnanda talin hvíla áfram á stefnda samkv. l. nr. 7, 11. marz 1930:

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. maí 1931:* Stefnur, bankaráð Útvegsbanka Íslands h. f., greiði, f. h. bankans, stefnanda, Helga Sveinssyni, 800 krónur með 5% ársvöxtum frá 17. okt. 1930 til greiðsludags og málskostnað með 75 kr.

Dóminum að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans, að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Báðir aðiljar hafa skotið máli þessu til hæstaréttar, aðaláfrýjandi, Helgi Sveinsson, með stefnu, útg. 27. maí f. á., og gagnáfrýjandi, bankaráð Útvegsbanka Íslands h/f, f. h. Útvegsbankans, með stefnu, útg. 29. ág. f. á.